

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi Borgar vegna Borgarbrautar 8.*  
Í breytingunni felst að markaður er byggingarreitur fyrir bílskúr austan við íbúðarhúsið að Borgarbraut 8. Samþykkt í sveitarstjórn 8. maí 2008.
2. *Breyting á deiliskipulagi Farborga í landi Miðengis.*  
Í breytingunni felst að hámarksstærð húsa verður 250 m<sup>2</sup> í stað 150 m<sup>2</sup>. Einnig má geymsla, svefnhús eða gróðurhús vera 40 m<sup>2</sup> í stað 25 m<sup>2</sup>. Að auki er bætt við ákvæði um að nýtingarhlutfall lóðar megi að hámarki vera 0,03. Samþykkt í sveitarstjórn 6. mars 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 23. júní 2008.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2008